

FUNDARGERÐ

Fulltrúaráðsfundur 6. október 2010 kl. 20.

Mættir úr stjórn: Guðrún Birna Finnsdóttir, Sigríður Guðlaugsdóttir, Sigríður Inga Sigurðardóttir, Þorgeir Axelsson.

Bekkjarfulltrúar; Gabriela Kristjánsdóttir 5. HK, Áslaug Hreiðarsdóttir 4. RJ, Sigrún S. Logadóttir 7. ÓP, Ingibjörg Tómasdóttir 6. BV, Sigrún H. Kristjánsdóttir 6. BV, Brynja Blanda Brynleifsdóttir 4. HS, Sif Gunnsteinsdóttir 2. ABR, Marsibil Hjaltalín 3.ÞÞ, Erlendur Þór Ólafsson, 3. BST, Dórothea 7. LK, Helga Þorvaldsdóttir 1.GP, Hrönn Guðmundsdóttir 3. IS, Kristbjörg Guðmundsdóttir 3. IS, Ingibjörg Arnarsdóttir 2. GG, Þuríður Jónsdóttir 3. BST, Sigríður Inga Sigurðardóttir 1. ÁS, 4.US, Guðrún Willardsdóttir 7. ÓP.

Farið yfir eftirfarandi mál:

Störf bekkjarfulltrúa – 2 bekkjarkvöld, bingó, 5. bekkur diskó, 6. bekkur þorablót 2 diskó, 7. bekkur árshátíð og 2 diskó auk Reykis.

Reykir – farið yfir stöðuna á síðasta ári og fjáröflun 7. bekkjar á síðasta ári.

Bekkjarsjóðir – Farið yfir hvernig fyrirkomulagið er með sjóðina – hvernig innheimtu er háttað og að gjaldkeri er bekkjarfulltrúi, kennitalan á hans nafni. Mælt með 2 þúsund krónum fyrir vettvangsferðir, plús áætlun fyrir annað sem planað er í hverjum bekk.

Staðlað innheimtuferli bekkjarsjóða Hofstaðaskóla:

1. Stofna bankareikninga, því millifærsla í banka er mun hentugri til innheimtu en að vesenast með seðla. Sér reikningur á kt bekkjarfulltrúa hvers bekkjar fyrir sig, sem sér um að vera gjaldkeri.

2. A) September: - október: bekkjarsjóðsgjald ákveðið fyrir árið. 2000 kr. fyrir vettvangsferðir plús X kr fyrir bekkjarskemmtanir. Dæmi: 2. BB ákveður að gjaldið sé 3000 kr pr barn fyrir árið, áætlað 2000 kr fyrir vettvangsferðir og 1000 kr í gjald vegna tveggja bekkjarskemmtana. (kaup á ís og gosi, og aðgangseyrir).

B) Október – nóvember: sá bekkjarfulltrúi sem er gjaldkeri sendir til foreldra tilkynningum um hvernig skuli greiða. Einfaldast er að senda tölvupóst í gegnum Mentor með millifærslu upplýsingum.

*C) 1. desember: Staðlað innheimtubrэф sent af bekkjarfulltrúa
“Samkvæmt mínum bókum hefur ekki borist greiðsla í bekkjarsjóð fyrir NN, vinsamlegast greiðið sem fyrst. Hægt er að hafa samband við bekkjarfulltrúa varðandi skiptingu greiðslu. Haf þetta þegar verið greitt endilega hafið samband.”*

D) Bekkjarsjóður er alltaf valkvæmur, ekki hægt að skikka foreldra til að greiða, en sjálfsagt að senda annan póst í febrúar á þá sem gleymdu að greiða, en eftir það er ekki frekari “innheimta”.

3. Fjárhæð kr. 2000 nýtist í vettvangsferðir og annað gjald í bekkjarskemmtanir hvers bekkjar fyrir sig. Foreldrafélagið rukkar fyrir sig sér og blandast ekkert í bekkjarsjóði. Það er ákjósanlegt að bekkjarfulltrúar fyrir hvern árgang tali sig saman svo ekki sé gríðarlegur munur á upphæðum á milli bekkja í sama árgangi.

4. Bekkjarsjóður fylgir bekknum, og sé skipt um “gjaldkera” stofnar nýi bekkjarfulltrúinn nýjan reikning á sinni kt, svo er millifært, og eldri reikningi lokað. Reikna með að reikningar komist nokkurn vegin á núll þegar skólaárið klárast. Bekkjarfulltrúar láta kennara vita af fjárhæðum sem til eru vegna vettvangsferða í bekkjarsjóði og eru innan handar við skipulagningu.

Svæðisráð og fyrirhugaðir fundir með bæjarstjóra – Sigríður Inga fór yfir helstu niðurstöður fundarins. Þar voru helst matarmál, frístundabíll, umferð í kringum skóla, húsnæðið í Hofsstaðaskóla og möguleg stækkun, sameining Flataskóla og Garðaskóla – foreldrar í skólunum hafa miklar áhyggjur af því.

Frístundabíll var nokkuð til umræðu og áhugi fyrir að gera strætó skilvirkari eða fá frístundabíl til að auðvelda krökkum að komast í tómsundur á meðan foreldrarnir eru enn í vinnu.

Matarmál / Matarnefnd farið yfir fyrirkomulagið í Barnaskólanum þar sem eldað er innanhúss. Er verið að stofna matarnefndir í Hofsstaða-, Flata- og Sjúlandsskóla. Óánægja með matinn og aðstæður. Gabriela Kristjánsdóttir 5. HK og Áslaug Hreiðarsdóttir 4.RJ buðu sig fram í matarnefnd, fyrir eru Þorgeir Axelsson og Kristján Berg.

Tækjanefnd – sagt frá tækjanefndinni og störfum hennar, fyrirhuguðu bingói og óskað eftir aðstoð bekkjarfulltrúa við framkvæmd viðburðanna.

Önnur mál :

- Fyrirspurn um hvor vorhátíð verði –
- Námgagnakaup – allir mættir sýndu áhuga á því að foreldrar greiði fyrir að skólinn eða félagið sjái um námsefnakaup að hausti.

Fundi slitið